



Umhverfis- og skipulagssvið

### **Hverfisskipulag – Breiðholt 6.3 Efra Breiðholt**

Á fundi borgarráðs þann 9. desember 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 6. desember 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 1. desember 2021 á tillögu að hverfisskipulagi Breiðholts, hverfi 6.3 Efra Breiðholt, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hverfisskipulag er spennandi þróunarverkefni hjá borginni og gengur út á það að gera öll hverfin í borginni ennþá betri. Samráð er hryggjarstykkið við gerð hverfisskipulags sem er ætlað að einfalda ferla við breytingar á húsum í borgarhlutanum, draga fram framtíðarsýn íbúa hverfisins í tengslum við hverfakjarna og kortleggja lykilstyrkleika hverfisins með það að markmiði að styrkja hverfið. Breiðholtið er gríðarlega stór og fjölmennur borgarhluti sem er skilgreindur sem þrjú hverfi innan Reykjavíkur, Neðra Breiðholt, Seljahverfi og Efra Breiðholt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fjölbautaskólinn í Breiðholti hefur hug á því að bjóða upp á nám í ræktun og sjálfbærni og segist vinna þannig að heimsmarkmiðum um loftslagsmál með beinum hætti. Til þess þarf skólinn landsvæði fyrir skógræktarkennslu og matvælarækt. Fulltrúi Flokks fólksins hvetur til að þetta verði kannað. Það virðist vera nauðsynlegt að slíkt svæði verði í nálægð við skólann. Hér er enn verið að fjalla um nágrenni Arnarnesvegarins sem er ekki góð framkvæmd fyrir Reykvíkinga. Hentar kannski hagsmunum og kosningalofordum bæjarráðs Kópavogs, en framkvæmdin mun koma sér illa fyrir íbúa Breiðholts. Samkvæmt nýju hverfisskipulagi Breiðholts sést einnig vel að Arnarnesvegur mun liggja þétt upp við fyrirhugaðan Vetrargarð. Sleðabrautin, sem líklegt er að yngstu börnin muni nota mest, mun liggja næst fjögurra akreina stofnbrautinni og tvöföldu hringtorgi. Ekkert umhverfismat um það liggur fyrir, því ekki var gert ráð fyrir Vetrargarðinum í fyrra umhverfismati sem er nær tveggja áratuga gamalt. Vegurinn eins og hann er skipulagður í dag er ekkert annað en óafturkræf skipulagsmistök. Veglagningunni hefur verið mótmælt af íbúum á öllum skipulagsstigum undanfarin 40 ár. Íbúaráð Breiðholts og fjölmargir fleiri hafa kallað eftir að nýtt umhverfismat verði gert fyrir þessa framkvæmd. Breiðholtsbrautin er þegar sprungin sem umferðaræð og Arnarnesvegur mun auka á vandann.

Helga Björk Laxdal  
e.u.